

NÝTT Í KJARASAMNINGUM 2011

Á liðnu sumri undirritaði samninganefnd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga miðlæga kjarasamninga við alla viðsemjendur sína. Hér er sagt frá helstu breytingum frá því sem áður var.



Cecilie Björgvinsdóttir.

Viðsemjendur FÍH eru: fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs (ríkið), Samband íslenskra sveitarfélaga (SNS), Reykjavíkurborg, Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu (SFH) og Reykjalundur. Auk þess eru gerðir stofnanasamningar við allar stofnanir þar sem hjúkrunarfræðingar starfa. Það verður svo verkefni haustsins að endurnýja alla stofnanasamninga.

Breytingar á kjarasamningum FÍH við ríkið, SFH og Reykjalund

1. júlí 2011 var greidd eingreiðsla að upphæð 50.000 kr. miðað við fullt starf til allra þeirra sem voru við störf á tímabilinu mars-apríl 2011. Þeir sem voru í hlutastarfi eða höfðu starfað skemur fengu hlutfallslega greiðslu.

Launahækkunir verða með eftirfarandi hætti:

1. júní 2011: 4,25%

1. mars 2012: 3,50%

1. mars 2013: 3,25%

Þann 1. mars 2014 verður greidd eingreiðsla að upphæð 38.000 kr. miðað við fullt starf í janúar 2014. Þeir sem eru í hlutastarfi eða hafa starfað hluta úr mánuði fá hlutfallslega greiðslu.

Orlofsuppbótin verður sem hér segir:

Á árinu 2011 26.900 kr. auk sérstaks álags
að upphæð 10.000 kr.

Á árinu 2012 27.800 kr.

Á árinu 2013 28.700 kr.

Persónuuppbót (desemberuppbót) verður sem hér segir:

Á árinu 2011 48.800 kr. auk sérstaks álags
að upphæð 15.000 kr.

Á árinu 2012 50.500 kr.

Á árinu 2013 52.100 kr.

Frí í stað yfirvinnu: 5 daga hámark afnumið, nú er starfsmanni með samkomulagi við vinnuveitanda heimilt að taka hluta eða alla yfirvinnu út í frí. Ef yfirvinna er tekin út í frí þá tekur starfsmaðurinn klukkustund á móti klukkustund og fær yfirvinnuálag greitt næstu mánaðamót á eftir unninni yfirvinnu. Yfirvinnuálag er 39,3% af yfirvinnutaxta starfsmanns.

Vaktskrá lögð fram: Frá 16. júní 2011 breyttist grein 2.6.2 um breyttar vaktir og er nú: „Ef vaktskrá er breytt með skemmri fyrirvara en 24 klst., skal viðkomandi starfsmanni greitt aukalega 3 klst. í yfirvinnu. Sé fyrirvarinn 24-168 klst. (ein vika) skal greiða 2 klst. í yfirvinnu. Hér er eingöngu átt við breytingu á skipulagðri vakt en ekki aukavakt.“

Matar- og kaffítímar vaktavinnumannna: Frá 1. mars 2012 breytist grein 2.6.9 og verður svohljóðandi: „Starfsmenn í vaktavinnu hafa ekki sérstaka matar- og kaffítíma. Starfsmönnum er þó heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á vaktinni ef því verður við komið starfsins vegna. Vegna takmörkunar þeirrar sem að ofan greinir á matar- og kaffítímum, skal greiða 25 mínútur á yfirvinnukaupi fyrir hverja vakt óháð lengd vaktar.“ Var 15 mínútur áður.

Fæðisfé: Frá 1. júní 2011 fá starfsmenn í hálfu stafi eða meira, sem ekki hafa aðgang að matstofu en ættu að hafa það, greidda fæðispeninga 380 kr. fyrir hvern vinnuskyldudag. Auk þess skulu frá 1. mars 2012 þeir starfsmenn, sem eru á vakt þegar matstofa vinnustaðar er ekki opin, fá það bætt með fæðispeningum sem nema 380 kr. fyrir þá vakt.

Fatapeningar: Frá 1. júní 2011 geta hjúkrunarfræðingar á heilbrigðisstofnunum, þar sem þess er krafist vegna sérstakra meðferðarúrræða að starfsmaður noti eigin fatnað í stað vinnuslopps eða álíka hlífðarfatnaðar, fengið í stað þess greidda sérstaka fatapeninga að upphæð 3.800 kr. á mánuði miðað við fullt starf í dagvinnu. Greiðsla þessi skal breytast á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingu fataliðar í vísitölu neysliverðs.

Auk þess var samið um eftirfarandi:

- aukin réttindi verði starfsmaður fyrir líkams- eða munatjóni í starfi sínu af völdum einstaklinga sem að takmörkuðu eða engu leyti geta borið ábyrgð á gerðum sínum
- auknar álagsgreiðslur vegna brottfarar- og komutíma vegna ferða erlendis sem farnar eru að frumkvæði vinnuveitanda
- hækkun á framlagi vinnuveitanda í starfsmenntunarsjóð
- hækkun á framlagi vinnuveitanda í fjölskyldu- og styrktarsjóð
- lengdan uppsagnarfrest fyrir 55 ára og eldri eftir 10 ára samfellt starf hjá sömu stofnun ef uppsögn er að frumkvæði vinnuveitanda.

Breytingar á kjarasamningi FÍH við Samband íslenskra sveitarfélaga

Þann 1. júlí 2011 var greidd eingreiðsla að upphæð 50.000 kr. miðað við fullt

starf til allra þeirra sem voru við störf á tímabilinu mars-apríl 2011. Þeir sem voru í hlutastarfi og/eða höfðu starfað skemur fengu hlutfallslega greiðslu.

Launahækkunarir verða með eftirfarandi hætti:
1. júní 2011: 4,25% auk leiðréttingar vegna þrepabreytinga, sjá neðar

1. mars 2012: 3,50%

1. mars 2013: 3,25%

Launataflan breytist þannig að hún hefst nú á launaflokki 20 í stað 15 áður, aldursþrepi falla niður og eingöngu efsta aldursþrepið er nýtt í nýrri launatöflu. Persónuálagstigin eru sett inn í launatöflu og þeim fjölgað upp í 17 stig.

Þann 1. febrúar 2012 verður greidd eingreiðsla að upphæð 25.000 kr. miðað við fullt starf í febrúar 2012. Þeir sem eru í hlutastarfi fá hlutfallslega greiðslu.

Orlofsuppbótin verður sem hér segir:

Á árinu 2011 36.000 kr. auk sérstaks álags að upphæð 10.000 kr.

Á árinu 2012 37.000 kr.

Á árinu 2013 38.000 kr.

Persónuuppbót (desemberuppbót) verður sem hér segir:

Á árinu 2011 75.500 kr.

Á árinu 2012 78.200 kr.

Á árinu 2013 80.700 kr.

Frí í stað yfirvinnu: 5 daga hámark hefur verið hækkað, nú er starfsmanni með samkomulagi við vinnuveitanda heimilt að taka 10 daga út í fríi. Ef yfirvinna er tekin út í fríi tekur starfsmaðurinn klukkustund á móti klukkustund og fær yfirvinnuálag greitt næstu mánaðamót á eftir unninni yfirvinnu. Yfirvinnuálag er 44,44% af yfirvinnutaxta starfsmanns.

Starfaheiti og röðun í launaflokka frá 1. júní 2011:

Hjúkrunarfræðinemi 1	75% af launaflokki	20
Hjúkrunarfræðinemi 2	82% af launaflokki	20
Hjúkrunarfræðinemi 3	90% af launaflokki	20
Hjúkrunarfræðingur 1	launaflokkur	20
Hjúkrunarfræðingur 2	launaflokkur	21
Hjúkrunarfræðingur 3	launaflokkur	23
Hjúkrunarfræðingur 4	launaflokkur	25
Verkefnastjóri 1	launaflokkur	25
Verkefnastjóri 2	launaflokkur	27
Verkefnastjóri 3	launaflokkur	29

Heilbrigðisfulltrúi 1	launaflokkur	31
Heilbrigðisfulltrúi 2	launaflokkur	34
Deildarstjóri 1	launaflokkur	31
Deildarstjóri 2	launaflokkur	34
Deildarstjóri 3	launaflokkur	37
Deildarstjóri 4	launaflokkur	39
Hjúkrunarforstjóri 1	launaflokkur	41
Hjúkrunarforstjóri 2	launaflokkur	44

Auk þess var samið um hækkað framlag vinnuveitanda í fjölskyldu- og styrktarsjóð.

Breytingar á kjarasamningi FÍH við Reykjavíkurborg

Eingreiðsla: Eigi síðar en 1. ágúst 2011 áttu að greiðast 50.000 kr. miðað við fullt starf á tímabilinu mars-maí 2011. Þeir sem voru í hlutastarfi eða hafa starfað skemur skulu fá hlutfallslega greiðslu.

Launahækkunarir verða með eftirfarandi hætti:

1. júní 2011: 4,60%, þó að lágmarki 12.000 kr.

1. mars 2012: 3,50%, þó að lágmarki 11.000 kr.

1. mars 2013: 3,25%, þó að lágmarki 11.000 kr.

Eingreiðsla: Starfsmenn, sem eru við störf 1. febrúar 2012, fá greidda sérstaka eingreiðslu að upphæð 25.000 kr. miðað við fullt starf. Þeir sem eru í hlutastarfi skulu fá hlutfallslega greiðslu.

Orlofsuppbótin verður sem hér segir:

Á árinu 2011 26.900 kr.

Á árinu 2012 27.800 kr.

Á árinu 2013 28.700 kr.

Persónuuppbót (desemberuppbót) verður sem hér segir:

Á árinu 2011 54.000 kr.

Á árinu 2012 56.000 kr.

Á árinu 2013 58.000 kr.

Vaktskrá lögð fram: Frá 16. júní 2011 breyttist grein 2.6.2 um breyttar vaktir og varð: „Ef vaktskrá er breytt með skemmri fyrirvara en 24 klst., skal viðkomandi starfsmanni greitt aukalega 3 klst. í yfirvinnu. Sé fyrirvarinn 24-168 klst. (ein vika) skal greiða 2 klst. í yfirvinnu. Hér er eingöngu átt við breytingu á skipulagðri vakt en ekki aukavakt.“

Kvöldvinna í heimahjúkrun: Ef kvöldvinna nemur að minnsta kosti 50% af fullu starfi fær starfsmaðurinn 2 launaflokka til viðbótar við grunnröðun starfs.

Matar- og kaffítímar vaktavinnumanna:

Frá 1. mars 2012 breytist grein 2.6.9 og verður svohljóðandi: „Starfsmenn í vaktavinnu hafa ekki sérstaka matar- og kaffítíma. Starfsmönnum er þó heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á vaktinni ef því verður við komið starfsins vegna. Vegna takmörkunar þeirrar sem að ofan greinir á matar- og kaffítímum, skal greiða 25 mínútur á yfirvinnukaupi fyrir hverja vakt óháð lengd vaktar.“ Greitt var fyrir 15 mínútur áður.

Fæðisfé: Frá 1. júní 2011 fá starfsmenn í hálfu starfi eða meira, sem ekki hafa aðgang að matstofu en ættu að hafa það, greidda fæðispeninga, 380 kr. fyrir hvern vinnuskuldudag. Auk þess skulu frá 1. mars 2012 starfsmenn, sem eru á vakt þegar matstofa vinnustaðar er ekki opin, fá það bætt með fæðispeningum sem nema 380 kr. fyrir þá vakt.

Fatapeningar: Á heilbrigðisstofnunum og heimilum fatlaðs fólks (áður sambýlum), þar sem þess er krafist að starfsmaður noti eigin fatnað í stað einkennis- eða vinnufatnaðar, er vinnuveitanda heimilt að greiða starfsmanni sérstaka fatapeninga að upphæð 3.800 kr. miðað við fullt starf. Upphæðin tekur breytingum 1. janúar ár hvert í samræmi við vísitölu neysluverðs.

Auk þess var samið um:

- aukin réttindi verði starfsmaður fyrir líkams- eða munatjóni í starfi sínu af völdum einstaklinga sem að takmörkuðu eða engu leyti geta borið ábyrgð á gerðum sínum
- auknar álagsgreiðslur vegna brottfarar- og komutíma vegna ferða erlendis sem farnar eru að frumkvæði vinnuveitanda
- hækkun á framlagi vinnuveitanda í fjölskyldu- og styrktarsjóð
- endurskoðun á hæfnismati og hæfnismatskerfi á samningstímanum
- endurskoðun á starfaskilgreiningu hjúkrunarfræðinga fyrir 1. september 2012.